



Stjórn SÍB 2004-2007.

SÍB - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Fyrsti vísir að Sambandi íslenskra bankamanna var stofnun Starfsmannafélags Landsbankans árið 1928. Stofnfélagar voru 27 starfsmenn bankans og var fundurinn haldinn í húsnæði Eimskipafélags Íslands. Fimm árum síðar, eða 1933, stofnuðu starfsmenn Útvegsbankans sitt félag. Þessi tvö félög lögðu grunninn að Sambandi íslenskra bankamanna sem stofnað var 30. janúar 1935. Ári eftir stofnuðu starfsmenn Búnaðarbankans sitt félag og gengu inn í sambandið. Önnur starfsmannfélög banka komu síðar til sögunnar en Starfsmannafélag lðnaðarbankans var stofnað 1955, Starfsmannafélag Verzlunarbankans var stofnað 1958, Starfsmannafélag Seðlabankans var stofnað 1962 og ári síðar gerðu Samvinnubankamenn hið sama. Starfsmannafélag Alþýðubankans var stofnað árið 1971. Með sameiningu bankanna á síðari árum hafa þessi starfsmannfélög verið sameinuð undir merkjum hvers banka en öll hafa þau átt aðild að Sambandi íslenskra bankamanna frá upphafi. Starfsmenn í öllum stærri sparisjóðum á landinu hafa einnig stofnað eigin starfsmannafélög sem eru aðilar að SÍB. Sama á við

um Reiknistofu bankanna, Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Sparisjóðabankann, Bygðastofnun og Lánasýslu ríkisins.

Undirbúningur að stofnun Sambands íslenskra bankamanna tók nokkra mánuði en fyrsti fundurinn var haldinn 24. nóvember 1934. Á stofnfundinum voru fyrstu lög sambandsins samþykkt en í fyrstu grein þeirra laga segir að félagsmenn teljist allir starfsmenn banka og sparisjóða hér á landi. Í 2. grein segir um tilgang félagsins að vinna skuli að skipulagðri félagsstarfsemi íslenskra bankamanna og að gæta verði hagsmuna félagsmanna í hvívetna. Jafnframt skuli hafa á hendi forustu fyrir þeim út á við í þeim málum, er snerta starf og kjör sambandsfélaga almennt. Stofnfélagar voru 75 starfsmenn Landsbankans og 53 starfsmenn í Búnaðarbankanum.

Starfsemi félagsins fór mjög snarlega af stað með tilstuðlan stjórnar. Ákveðið var að hver félagsmaður greiddi eina krónu árlega til SÍB. Fyrsta árshátíðin var haldin og fyrsta tölublað Bankablaðsins kom út í júlí 1935. Þar segir: „Þetta fyrsta blað, sem gefið er út til reynslu, verður ekki selt held-



Friðbert Traustason formaður á 42. þingi SÍB.

ur sent öllum sambandsfélögum ókeypis. Um það, hvort blaðið kemur út eftirleiðis eða hve oft, er ekki hægt að segja að svo stöddu. Það fer eftir undirtektum og áhuga sambandsfélaga.“

Blaðið hefur komið út reglulega og flutt bankamönnum tíðindi úr faginu auk ýmis konar skemmti- og fræðsluefnis. Það var fjármagnað með auglýsingum og gekk vel að selja auglýsendum pláss í blaðið. Það ber að geta þess að ritstjóri Bankablaðsins frá árinu 1944, Bjarni G. Magnússon, stýrði blaðinu í 28 ár og alltaf í sjálfboðavinnu. Árið 1972 var blaðið sett undir umsjón skrifstofu SÍB.

Bakari í banka!

Hið nýstofnaða samband tók strax á hagsmunamálum félagsmanna. Fyrsta málið sem kom til kasta sambandsins var ráðning bakara í starf gjaldkera í Útvegsbankann á Ísafirði. Um svipað leyti var stöðu útibússtjóra í sama banka á Akureyri ráðstafað gegn ályktun starfsmannafélagsins sem mælt hafði með gjaldkera bankans í stöðuna.

Allar götur síðan hefur SÍB barist ötullega fyrir því að hæfir starfsmenn bankanna væru skipaðir í stjórnunarstöður í stað þess að þeim væri úthlutað til félaga í stjórnmalaflokkum.



Allan Bang formaður NFU í ræðustól.

Norræn samvinna

Fulltrúar SÍB fóru í fyrsta sinn á mót norrænna bankamanna vorið 1937. Það mót var haldið í Stokkhólmi í boði Sænska bankamannasambandsins. Árið 1949 hélt Samband íslenskra bankamanna sitt fyrsta Norðurlandamót í Reykjavík. Í fyrstu voru hinir norrænu fundir skipaðir fulltrúum einstakra landssambanda en árið 1952 var ákveðið að stofna norrænt samband bankamanna sem var stofnað 24. ágúst 1953. Hefur það einkum unnið að kjaramálum bankamanna og fræðslu- og kynningarmálum. Íslenskir bankamenn hafa í gegnum tíðina sótt ýmis konar fræðslumót á Norðurlöndunum. Frá árinu 1964 hafa starfað ýmsar fastanefndir innan sambandsins, svo sem fræðslunefnd og hagnefnd.

Í dag eru allir starfsmenn fjármálafyrirtækja á Norðurlöndum í sameinuðu hagsmunafélagi NFU (Nordiska Finansanställdas Union). Í félaginu eru í upphafi árs um 165.000 félagsmenn. NFU sinnir sameiginlegum hagsmunum gagnvart erlendum aðilum svo sem Evrópusambandinu, dreifir upplýsingum um kjör, kemur að lagasetningu og vinnur ýmsar samnorrænar samanburðarrannsóknir. Einnig er öflugur sameiginlegur verkfallssjóður hjá samtökunum átta á Norðurlöndunum fimm með eignir upp á 20 milljarða í lok árs 2003. Formaður SÍB situr í framkvæmdastjórn NFU og situr hann einnig í yfirstjórn samtakanna ásamt varaformanni.

Bankamenn byggja

Upp úr seinni heimsstyrjöld varð mikil húsnaðisekla í kaupstöðum landsins í kjölfar mikilla þjóðfélagsbreytinga. Í Reykjavík var mikill skortur á húsnæði og voru stofnuð mörg byggingasamvinnufélög til þess að auðvelda félagsmönnum að koma þaki yfir höfuðið. Samband íslenskra bankamanna stofnaði Byggingarfélag bankamanna árið 1944 og þegar stríðinu lauk gat félagið keypt einingahús frá Svíþjóð og þeir sem fjárhagslega burði höfðu til gátu keypt eigið húsnæði. Lóðir undir þessi hús fengust í Vogahverfinu sem þá var nýtt hverfi í byggingu og eru húsin enn í dag kölluð „sænsku húsin“. Ekki gekk vel að afla lausafjár fyrir félagsmenn og féll því starfsemi byggingarfélagsins niður um stund. Þremur árum seinna opnuðust nýir möguleika þegar eftirlaunasjóðir bankanna hófu að veita lán til byggingaframkvæmdanna. Nýtt byggingarsamvinnufélag var stofnað síðla árs 1949 og gekk vel. Árið 1952 hafði félagið lokið byggingu fjögurra húsa með samtals 16 íbúðum.

Meiri menntun - betri kjör

Frá upphafi var það markmið SÍB að vinna að fræðslumálum bankamanna. Fyrstu árin var *Bankablaðið* óspart notað til uppfræðslu um nýjungar og ýmis konar fræðslufundir haldnir. Stofnun skóla fyrir bankamenn kom fyrst fram opinberlega í Bankablaðinu árið 1938. Næstu áratugina reifuðu margir í ræðu og riti nauðsyn þess að bankamenn fengu sérhæfða skólagöngu. Það var svo haustið 1959 að Bankamannaskólinn (BMS) var stofnaður og áttu hundruð bankamanna eftir að sækja nám í skólanum næstu árin. Skólinn var rekinn af bönkunum og stjórnað af skólanefnd sem sam-



Jan Erik Lidström, framkvæmdastjóri NFU.



Anna Ívarsdóttir, fyrrverandi formaður SÍB, heldur ræðu í sal Landsbanka Íslands.

bandið átti fulltrúa í. Fyrstu sjö árin átti skólinn ekkert fast húsnæði og voru námskeiðin haldin til skiptis í samkomusölum Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Þegar SÍB festi kaup á eigin húsnæði árið 1966 leigði skólinn hluta af því húsnæði undir starfsemi sína.

Árið 1974 var sett reglugerð um störf og launakjör bankamanna og nám við Bankamannaskólann gert að skyldu fyrir nýja starfsmenn banka og sparisjóða. Inntökuskilyrðin voru aðeins þau að viðkomandi væri starfsmaður í einhverjum þeirra banka sem að skólanum stóðu. Allir nemendur þurftu að gangast undir próf og fengu þeir sem luku þeim prófskírteini frá skólanum en þeir sem sköruðu fram úr fengu auk þess sérstök verðlaun. Próf frá Bankamannaskólanum var forsenda þess að bankamaður fengi fastráðningu nema þeir sem höfðu sérstaka menntun sem þótti sambærileg eða meiri.

Námskeiðin voru af ýmsum toga en langflest fjölluðu um bankastarfsemi eins og hún var á hverjum tíma. Sérstök námskeið voru haldin í vélritun og tungumálum, svo sem dönsku, ensku, þýsku og frönsku. Boðið var upp á framhaldsnámskeið við skólann og má fullyrða að nýliðar í bönkunum hafi fengið góða fræðslu um sín störf. Stór hluti nýliðinna hafði almenna menntun að baki en ekki sérhæfða þekkingu á bankastörfum. Árið 1977 var skólinn gerður að dagskóla með námskrá í stað þess að bjóða eingöngu upp á námskeið utan vinnutíma.

SÍB tók síðan við rekstri Bankamannaskólans árið 1994 í tengslum við kjarasamninga. Skólalald hafði verið lítið á undangengnum árum og var það markmið SÍB að hefja skólann aftur til vegs og virðingar. Vel tókst til með rekstur skól-



Fyrsti útskriftarhópur úr framhaldsnámi Bankamannaskólans.



Fyrsti hópur í fjármála- og viðskiptagreinum í MK haust 2002.

ans fram til 1998 en þá ákváðu stóru bankarnir að færa alla fræðslu inn í eigin fræðsludeildir og sparisjóðirnir stofnuðu í framhaldinu eigin fræðsludeild. BMS hafði miklu félagslegu hlutverki að gegna því að starfsmenn úr öllum aðildarfyritækjum hittust þar og skiptust á skoðunum og sögðu frá reynslu sinni. Því var það sárt fyrir marga félagsmenn SÍB að skólanum skyldi vera lokað. Honum var formlega lokað í byrjun árs 2000.

Rétt er að geta þess að bankarnir hafa alla tíð staðið vel að endurmenntun starfsmanna sinna og gera það enn. Fá fyrirtæki verja jafn miklum hluta rekstrarkostnaðar til menntunar og fræðslu og bankar og sparisjóðir.

Í dag er SÍB í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi um sérstaka framhaldsskóladeild fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja. Þar eru nú um 150 nemendur í dagskóla og í fjar-kennslu. Einnig rekur SÍB Menntunarsjóð sem styrkir félagsmenn til starfsmenntunar og félagslegrar uppfræðslu.

Sambandið í eigið húsnæði

Fyrstu þrjú áratugin, eða þar um bil, hafði sambandið enga fasta bækistöð fyrir starfsemi sína, skrifstofu eða fundahöld. Árið 1961 var undirbúningur hafinn að því að kaupa húsnæði sem nýst gæti sem skrifstofa félagsins ásamt því að hýsa aðra starfsemi félagsins. Samband íslenskra bankamanna keypti árið 1966 efstu hæðina að Laugavegi 103, alls 200 fm að flatarmáli. Skrifstofa félagsins var í hluta húsnæðisins, aðstaða var fyrir Bankamannablaðið og síðan leigði Bankamannaskólinn af SÍB drjúgan hluta af hæðinni.

Samband íslenskra bankamanna var með skrifstofur á Laugaveginum í 16 ár. Starfsemin var flutt að Tjarnargötu



Frá fundi formanna aðildarféлага SÍB.



Forystumenn samninganefnda, Ásmundur Sefánsson og Friðbert Traustason.



Áhugasamir trúnaðarmenn SÍB á námskeiði.



Frá formannafundi SÍB.

14 í enn stærra og rúmbetra húsnæði árið 1982. Húsið er tvær hæðir, ris og kjallari og skapaðist gott rými til margháttáðrar starfsemi félagsins.

Fyrirverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, var fædd að Tjarnargötu 14 og bjó um skeið þar. Hún færði SÍB nokkur póstkort og bréf sem hún fékk send meðan hún bjó í húsinu og eru þau í vörslu á skrifstofu SÍB.

Sambandið seldi Tjarnargötu 14, flutti aftur austur yfir læk að Snorrabraut 29 sem er við hlið hússins að Laugavegi 103. Þar voru rúmgóðar skrifstofur og góð aðstaða fyrir Bankamannaskólann sem sambandið rak frá sama tíma en BMS átti húsnæðið. Þegar BMS var lagður niður árið 2000 ákvað stjórn SÍB að nota peningana sem fengust fyrir Tjarnargötuna til að kaupa nýtt húsnæði að Nethyl 2 í Ártúnsholtinu. Það húsnæði rúmar vel skrifstofur og nauðsynlega sali fyrir fræðslu, svo sem trúnaðarmannanámskeið og fleira.

Samnings- og verkfallsréttur



Fyrstu áratuginu beitti SÍB sér fyrir mennta- og menningarmálum innan stéttarinnar. Haldin voru skákmót, fræðslufundir, árshátíðir og þess háttar. Um eiginlega kjararúmæðu var ekki að ræða innan félagsins enda

ákváðu bankaráðin einhliða kjör starfsmanna sinna. Kjaramál komu fyrst á dagskrá þegar SÍB mótmælti dýrtíðarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar árið 1943. Einnig komu fram kröfur um samræmingu á launum og starfskjörum bankamanna. Árið 1956 kom SÍB fyrst að undirbúningi reglugerðar um störf og launakjör allra bankamanna. Nokkrum árum síðar, eða árið 1963, kom sambandið aftur að nýrri reglugerð og við það náðu bankamenn fram góðum kjarabótum. Árið 1966 skipuðu bankarnir svo fasta samvinnunefnd af sinni hálfu til að sjá um kjarasamninga við sambandsstjórnina. Þetta var undanfari þess að SÍB kæmi fram sem samningsaðili fyrir hönd allra bankamanna á landinu.

Á árinu 1975 hóf SÍB að vinna að því að bankamenn fengju sjálfstæðan samningsrétt. Ári síðar lagði sambandið fram kröfu um fullan samnings- og verkfallsrétt. Náðu bankamenn þessum kröfum fram og setti Alþingi ný lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins árið 1977. Sambandsmenn biðu ekki boðanna og sögðu upp gildandi kjarasamningi sínum. Ekki gekk vel að fá fulltrúa bankanna að samningaborðinu þar til SÍB boðaði til verkfalls í október það ár. Þetta var fyrsta verkfallsboðun bankamanna frá stofnun SÍB rúmum 40 árum áður. Hótun um yfirvofandi verkfall virkaði vel og náðust samningar milli SÍB og starfsmannafélaganna við viðsemjendur. Ári síðar var samþykkt á aukþingi SÍB að sambandið væri stéttarfélag bankamanna og kæmi fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga.




Fyrsti hópur á námsbraut í fjarnámi í MK árið 2003.



Forsíða fyrsta blaðs SÍB.



40 ára afmælisblað SÍB.



Forsíða blaðs SÍB 2003.

Verfallsvopninu var aftur beitt árið 1980 þegar kjarasamningur sem undirritaður var í október það ár var felldur af meirihluta félagsmanna. Til verkfalls var boðað 3. desember en ríkissáttasemjari lagði fram sáttatillögu á fundi samningsaðila og frestaði verkfallinu til 8. desember. Sáttatillagan var felld í atkvæðagreiðslu og fyrsta og eina verkfall bankamanna skall á. Það stóð í fjóra daga en árangurinn var mikil kjarabót og viðurkenning á ýmsum réttindum stéttarinnar. Samninganefndir SÍB hafa náð góðum árangri við samningaborðið undanfarin ár, sérstaklega hvað réttindamál starfsmanna áhrærir. Félagsmenn SÍB hafa besta lífeyrisrétt sem þekkest á almennum vinnumarkaði hér á landi og veikindaréttindi, orlof, orlofsuppbót, uppsagnarákvæði, vinnutími, tryggingar, fæðingarorlof og margt fleira er með því besta sem gerist hérlendis.

Tækniþytingar í bankastarfi

Líkt og aðrir hafa bankamenn þurft að laga sig að nýjungum sem hafa verið ótrúlega miklar, sérstaklega á síðari hluta 20. aldar. Framan af sýsluðu bankamenn með pennastöng og voru allar færslur handskrifaðar. Síðan komu ritvélar, reiknivélar og bókhaldsvélar til sögunnar sem urðu enn þróaðri þegar rafmagnsvélar komu á markað.

Stóra þylding varð með tilkomu tölvunnar í bankakerfinu. Reiknistofa bankanna hóf starfsemi árið 1973 og var aðal tölva stofunnar með 148 kílóbæta minni sem þætti ekki boðlegt í almenningstölvu í dag. Fyrsti bankinn tók upp beinlínutengingu árið 1979 og stóru ríkisbankarnir tóku upp beinlínutengingu árið 1985. Rafeindatæknin leysti af hólmi mismunandi vélar sem urðu úrelt fyrirbæri sem tilheyrðu gömlum tímum. Þessi nýja tækni hafði mikil áhrif á störf bankamanna og fluttust margir á milli starfa. Það kom sér vel fyrir SÍB að reka skóla og var Bankamannaskólinn óspart



Veggmynd gerð í tilefni 60 ára afmælis SÍB.

nýttur til þess að kenna og þjálfa starfsmenn í nýrri tækni. Endurmenntun og símenntun voru hugtök sem bankamenn urðu að tileinka sér en þeir nutu þess að hafa frá upphafi starfað að fræðslumálum innan stéttarinnar.

Íslenskir bankar voru framarlega í tækninýjungum. Hraðbankar spruttu upp og allur þorri almennings hætti að eiga bein samskipti við starfsfólk bankanna nema endrum og sinnum. Starf bankamanna hefur líka breyst í kjölfarið. Gjaldkerar, sem alltaf voru fjölmennastir innan bankanna, urðu færri en aftur á móti fjölgaði í ýmsum öðrum störfum, eins og þjónustu og ráðgjöf. Rafræn viðskipti urðu strax mjög útbreidd og kortanotkun varð fljótt almenn hér á landi. Kortanotkun leiddi af sér fækkun útibúa banka þar sem hin hefðbundnu viðskipti með reiðufé drógu saman.



Ólafur Kristinnsson formaður starfsmannafélags Tölvumiðstöðvar sparisjóðanna á formannafundi.



Frá formannafundi.



Frá keilumóti á vegum SÍB.



Frá golfmóti á vegum SÍB.

Innan kortafyrirtækjanna urðu til ný störf fyrir bankamenn og eðli málsins samkvæmt eru þeir starfsmenn félagar í SÍB. Til marks um þetta má benda á að þótt sambandið sé enn rekið undir heitinu SÍB er það Samtök starfsmanna fjármála- fyrirtækja.

Störf bankamannsins hafa færst alfarið frá því að vera hefðbundin afgreiðslustörf yfir í sérhæfða sölu- og sérfræðiráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hraði upplýsinga leikur stóran þátt, ekki hvað síst hjá þeim starfsmönnum sem sinna gjaldeyris- og verðbréfavíðskiptum. En bankinn er fyrst og fremst starfsmennirnir sem þar vinna, þekking þeirra, geta, menntun og hæfileikinn til að veita góða þjónustu, allt frá borði gjaldkerans til ædstu stjórnenda. Yfir 50% af viðskiptavinum bankanna afgreiða sig sjálfir í gegnum heimabanka og aðra rafræna þjónustu og þannig verður starf bankamannsins minna sýnilegt en áður en er engu að síður eitthvert mikilvægasta starf sem um getur í íslensku samfélagi. Traust og trúnaður verða að ríkja á milli starfsmanna bankans og viðskiptavina því að oft fela viðskiptavinir aleigu sína í hendur ráðgjafa bankans. Félagsmenn SÍB fá því mikla fræðslu um lög og reglur um fjármálaviðskipti til að sinna hlutverki sínu sem allra best.

Sameiningar, uppstokkun og sala banka


Síðustu ár hafa verið miklar breytingar á eignarhaldi bankanna. Útvegsbankanum var breytt í hlutafélag árið 1987 og Landsbanka og Búnaðarbanka var einnig breytt í hlutafélög

1997. Í lok árs 1989 voru sjö viðskiptabankar á Íslandi og 28 sparisjóðir á Íslandi. En með Íslandsbanka voru fjórir bankar, Útvegs-, Iðnaðar-, Verzlunar- og Alþýðubanki sameinaðir í einn banka árið 1990. Síðar rann Samvinnubankinn inn í Landsbankann þannig að frá 1994 hafa hér starfað þrjár viðskiptabankar og nú eru sparisjóðirnir orðnir 20, þar af fjórir langstærstir. Árið 2000 sameinuðust Íslandsbanki og FBA og 2003 sameinuðust síðan Búnaðarbankinn og Kaupþing. Á tímum sameininganna frá 1990 til 1996 fækkaði starfsmönnum þessara fyrirtækja um 700, að mestu með eðlilegri starfsmannaveltu en einnig með nokkrum erfiðum uppsögnum. SÍB hefur alla tíð barist mjög gegn uppsögnum og bent á aðrar vænlegri leiðir til að ná fram fækkun og hagræðingu. Sú barátta fyrir leiðum sem byggja á umhyggju og virðingu fyrir einstaklingnum og aðstoð sem SÍB hefur veitt félögum sínum hefur oftast ekki reynst mjög vel. Félagsmenn hafa alltaf þurft að búast við breytingum á rekstri og eignarhaldi fyrirtækja sinna en það hefur ekki truflað þá ætlun þeirra að veita alltaf framúrskarandi þjónustu. Enda hafa fjármálafyrirtækin alltaf náð bestum árangri í ánægjukönnun Gallup. Það sýnir betur en nokkuð annað hversu vel félagsmenn SÍB og eigendur fyrirtækjanna hafa unnið saman undanfarin ár þrátt fyrir að oft hafi gefið á bátinn.


Fjármálamarkaðurinn er enn á mikilli hreyfingu og hvergi er séð fyrir endann á breytingum. Stefna SÍB er að vinna með á jákvæðum hætti og hafa þannig áhrif og tryggja sem best stöðu, réttindi og kjör félagsmanna sinna í framtíðinni. ■



Húsnæði SÍB við Nethyl 2E.



SÍB
Samtök starfsmanna
fjármálafrirtækja



Þess vegna er betra að vera félagsmaður í SÍB!!!

Góð lífeyrisréttindi
– Hefðbundinn hlutfallssjóður eða 7% viðbótarrálag atvinnurekanda í séreignarsjóð án móttframlags starfsmanns eftir þriggja ára starf innan kjarasamnings SÍB.

Launatöflur
– sem verða til í kjarasamningum og gefa raunhæfa mynd af launakjörum meirihluta félagsmanna.

Orlofsframlag
– rúmlega 100.000 kr. fyrir alla fastráðna starfsmenn.

13. mánuður
– auka mánaðarlaun fyrir alla fastráðna starfsmenn. Ýmist greiddur út í desember eða jafnað á 12 almanaksmánuði (sjá launatöflu B).

Líf- og slysatrygging
– skv. kjarasamningi fyrir fastráðna starfsmenn – allan sólarhringinn, og gildir alls staðar í heiminum.

Styrktarsjóður
– sem greiðir sjúkradagpeninga að loknum veikindarétti auk styrkja vegna forvarnaaðgerða.

Veikindaréttur
– þrjú til tólf mánuðir, eftir starfsaldri, fyrir fastráðna starfsmenn.

Fæðingarorlof
– sem tryggir fastráðnum starfsmönnum viðbótargreiðslur umfram það sem kemur úr fæðingarorlofsjóði.

Menntunarsjóður
– sem endurgreiðir hluta námsgjalda við starfstengt nám.

Fjölskylduvænn vinnutími
– hjá meirihluta félagsmanna

Og síðast en ekki síst:

Raunveruleg aðstoð stéttarfélagssins
– við félagsmenn sem þurfa að leita réttar síns s.s. aðstoð og leiðsögn vegna óvæntra mála, vegna uppsagna eða lögfræðimálefna.

Söfnun upplýsinga um kjaramál
– og úrvinnsla til undirbúnings kjarasamninga og vegna upplýsinga til félagsmanna.

Lægstu stéttarfélagsgjöld
– einungis 0,7% af grunnlaunum og þar af fer 0,25% beint í Vinnudeilissjóð.

Kynntu þér réttindi þín og skyldur sem fram koma í kjarasamningum SÍB á www.sib.is

Aðildarfélög SÍB

Starfsmannafélag Seðlabankans
 Félag starfsmanna Landsbanka Íslands
 Félag starfsmanna Kaupþings Búnaðarbanka
 Starfsmannafélag Íslandsbanka
 Starfsmannafélag Lánasýslu ríkisins
 Starfsmannafélag Sparisjóðabankans
 og Sambands íslenskra sparisjóða
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Hafnarfjarðar
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Hornafjarðar
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Mýrasýslu
 Starfsmannafélag Sparisjóðsins í Keflavík
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Vestfirðinga
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Svarfdæla og Ólafsfjarðar
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Kópavogs
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Norðlendinga
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Vestmannaeyja
 Starfsmannafélag Sparisjóðs vélstjóra
 Starfsmannafélag Sparisjóðs Siglufjarðar
 Starfsmannafélag Visa Ísland
 Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna
 Starfsmannafélag Bygðastofnunar

Heimildir: *Samband íslenskra bankamanna 1935-1975*, tekið saman af Einvarði Hallvarðssyni. *Bankamenn í sextíu ár, stíklur úr sögu Sambands íslenskra bankamanna* eftir Valþór Hlöðversson - Athygli hf.